

Fly Play hf.: PLAY gefur út breytanlegt skuldabréf upp á 2,4 milljarða króna

Fly Play hf. („PLAY“ eða „félagið“) hefur tryggt sér bindandi skilyrt áskriftarloforð um kaup fjárfesta á breytanlegu skuldabréfi að samanlögðu andvirði 2.425 milljónir króna, eða um USD 20 milljónir. Á meðal þeirra sem taka þátt í þessari fjármögnun eru stærstu eigendur félagsins og aðrir íslenskir fjárfestar. Er það skýr stuðningsyfirlýsing við áframhaldandi uppbyggingu PLAY og breytingar sem boðaðar hafa verið á viðskiptalíkani félagsins:

- Gott framboð sólarlandastaða og borgir vinsælar meðal Íslendinga
- Fjórar flugvélar sinna flugi frá Íslandi
- Vélarnar fjórar verða áfram rauðar, áhafnir frá Íslandi og á íslenskum kjarasamningum.
- Hinar sex vélarnar verða leigðar í arðbær verkefni til annarra flugrekenda
- Flugi til Norður-Ameríku verður hætt frá og með október 2025 og borgaráfangastöðum í Norður-Evrópu fækkað.
- Flogið verður undir maltnesku flugrekstrarleyfi og íslenska flugrekstrarleyfinu skilað

Á sama tíma er fallið frá boððu yfirtökuþilboði í allt hlutafé PLAY. Samtöl við hluthafa leiddu í ljós að vilji þeirra er að PLAY hafi hlutabréf sín skráð á aðalmarkaði. Yfirtökuhópurinn féll því frá áformum um yfirtökuþilboð og styðja áfram við félagið á komandi vegferð.

Gjaldldagi breytanlegu skuldabréfanna er 24 mánuðum eftir útgáfudag. Breytanlegu skuldabréfin munu bera 17,5% fasta vexti, sem að stærstum hluta leggjast við höfuðstól fram að gjalddaga, og verður skuldabréfaeigendum heimilt að umbreyta þeim í hlutabréf á genginu kr. 1. Samhliða viðskiptunum munu eigendur skuldabréfanna eignast kauprétt á 30% hlut í dótturfélagi PLAY, Fly Play Europe.

Útgáfa breytanlegu skuldabréfanna er háð tilteknum skilyrðum, en þar má helst nefna:

Skilyrði um að hluthafafundur hafi verið haldinn í félaginu þar sem hluthafafundur samþykkir útgáfuna og veitir stjórn nauðsynlegar heimildir í samþykktum félagsins til þess að framkvæma útgáfuna.

Skilyrði um endanlega skjalagerð

Skilyrði um að hver áskriftarskuldbinding nemi minnst EUR 100.000 að andvirði.

Eingöngu ákveðnum hópi fjárfesta var boðið að taka þátt í útboðinu að því gefnu að þeir fjárfestu fyrir að lágmarki andvirði EUR 100.000 í skilningi greinar 4(d) reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/1129. Verður því ekki gefin út lýsing vegna útboðsins.

Arctica Finance hf. hefur umsjón með útboðinu ásamt því að annast innheimtu og uppgjör viðskiptanna í tengslum við útboðið.

Einar Örn Ólafsson, forstjóri PLAY:

„Við áttum mörg góð samtöl við hluthafa þar sem þeir lýstu yfir miklum vilja til að hafa félagið áfram skráð á aðalmarkaði Kauphallar. Þess vegna var þessi leið farin við útfærslu á fjármögnun félagsins. Félagið hefur þess í stað safnað áskriftarloforðum að breytanlegu skuldabréfi að upphæð 2.425 m.kr. Þessi niðurstaða er skýr stuðningsyfirlýsing við áætlanir félagsins og áframhaldandi uppbyggingu. Viðbrögðin við nýju viðskiptamódeli eru góð og það er ánægjulegt að sjá aukið vægi stofnanafjárfesta í þessari fjármögnunarlötu.“

Við höfum nú þegar séð jákvæð áhrif breytts viðskiptalíkans á rekstur félagsins þar sem við einblínum á flugleiðir sem skila góðri afkomu og leigjum út þotur í arðbær verkefni til annarra flugrekenda. Við ætlum að byggja upp öflugt og gott flugfélag sem Íslendingar velja og höldum ótrauð áfram á þeirri braut.“